# Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Árshlutareikningur 1. janúar til 30. september 2009

## Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Sjóðstreymi | 6 |
| Skýringar | 7 - 13 |
| Kennitölur | 14 |

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

### Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2009. Árshlutareikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar og kennitölur. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

### Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnunin felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit byggt á endurskoðun.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi árshlutareikningur gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. september 2009 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

### Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara í ályktun okkar viljum við vekja athygli á skýringu nr. 14 sem fjallar um mat og framsetningu skulda tengdum framvirkum gjaldmiðlavarnarsamningum. Óvissa er um endanlega niðurstöðu um uppgjör samninganna. Jafnframt viljum við vekja athygli á óvissu í mati skuldabréfaeignar sem gerð er grein fyrir í skýringu nr. 11.

Reykjavík 16. október 2009.

**PricewaterhouseCoopers hf.**

Vignir Rafn Gíslason
löggiltur endurskoðandi

# Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna staðfesta árshlutareikning sjóðsins tímabilið 1. janúar til 30. september 2009 með áritun sinni.

Reykjavík 16. október 2009.

Stjórn

Ragnar Önundarson
stjórnarformaður

Helgi Magnússon
varaformaður

Ásta R. Jónasdóttir

Benedikt Kristjánsson

Benedikt Vilhjálmsson

Bogi Þ. Siguroddsson

Hannes G. Sigurðsson

Stefanía Magnúsdóttir

Framkvæmdastjóri

Guðmundur Þ. Þórhallsson

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris
## 1. janúar - 30. september 2009

| | Skýr. | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | 1.1.-30.09. | 1.1.-31.12. |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 4.080.985 | 5.726.827 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 7.963.140 | 11.114.490 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (89.394) | |
| Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði | | | 258.384 |
| **Iðgjöld** | | 11.954.731 | 17.099.702 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 6 | 5.121.452 | 5.016.144 |
| Umsjónarnefnd eftirlauna | | (1.098) | (1.427) |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | | 5.677 | 6.770 |
| **Lífeyrir** | | 5.126.030 | 5.021.487 |
| **Fjárfestingartekjur** | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | 7 | 4.555.337 | (43.519.256) |
| Tekjur (gjöld) af húseignum og lóðum | | 3.160 | (1.883) |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 8 | 24.495.436 | 21.404.580 |
| Breyting á niðurfærslu | 11 | (15.480.422) | (9.877.647) |
| **Fjárfestingartekjur** | | 13.573.511 | (31.994.206) |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 208.652 | 241.146 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 179.899 | 220.731 |
| **Aðrar tekjur** | 9 | 50.267 | 69.485 |
| **Hækkun (lækkun) á hreinni eign á tímabilinu** | | 20.063.927 | (20.308.383) |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 248.760.967 | 269.069.350 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris í lok tímabils** | | 268.824.894 | 248.760.967 |

# Efnahagsreikningur 30. september 2009

| Eignir | Skýr. | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| | | 30.09. | 31.12. |
| **Fjárfestingar** | | | |
| Húseignir og lóðir | 13 | 257.833 | 267.643 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 12 | 103.960.595 | 90.934.986 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 11 | 101.350.808 | 93.303.813 |
| Veðlán | 11 | 44.057.680 | 42.144.667 |
| Bankainnistæður | | 1.169.669 | 456.765 |
| **Fjárfestingar** | | 250.796.585 | 227.107.874 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 5 | 2.191.000 | 1.884.500 |
| Aðrar kröfur | | 309.951 | 125.729 |
| **Kröfur** | | 2.500.951 | 2.010.229 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir | 13 | 66.631 | 73.316 |
| Sjóður og veltiinnlán | | 33.376.966 | 35.593.401 |
| **Aðrar eignir** | | 33.443.596 | 35.666.718 |
| **Eignir samtals** | | 286.741.132 | 264.784.822 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 14 | 17.490.028 | 15.674.409 |
| Aðrar skuldir | | 426.211 | 349.446 |
| **Skuldir** | | 17.916.239 | 16.023.855 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | 268.824.894 | 248.760.967 |
| **Skipting á hreinni eign til greiðslu lífeyris** | | | |
| Hrein eign sameignardeildar | | 262.898.440 | 242.671.542 |
| Hrein eign séreignardeildar - verðbréfaleið | 4,10 | 5.730.536 | 6.089.425 |
| Hrein eign séreignardeildar - innlánsleið | | 195.918 | |
| | | 268.824.894 | 248.760.967 |

# Sjóðstreymi 1. janúar - 30. september 2009

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| | 1.1.-30.09. | 1.1.-31.12. |
| **Inngreiðslur** | | |
| Iðgjöld | 11.368.727 | 16.076.108 |
| Iðgjöld í séreignardeild | 272.363 | 625.348 |
| Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði | | 258.384 |
| Fjárfestingartekjur | 9.041.937 | 7.125.941 |
| Afborganir verðbréfa | 4.346.984 | 6.217.629 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | 7.813.384 | 41.088.751 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 2.144.760 |
| Aðrar inngreiðslur | 156.458 | 216.339 |
| | 32.999.853 | 73.753.260 |
| **Útgreiðslur** | | |
| Lífeyrir | 4.357.809 | 4.841.167 |
| Lífeyrir úr séreignardeild | 768.221 | 180.321 |
| Fjárfestingargjöld | 199.132 | 229.340 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 171.691 | 209.925 |
| Aðrar útgreiðslur | 57.916 | 84.049 |
| | 5.554.770 | 5.544.801 |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | 27.445.083 | 68.208.459 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | 7.521.446 | 21.518.493 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | 18.205.075 | 10.608.741 |
| Ný veðlán og útlán | 2.759.053 | 5.942.244 |
| Hækkun á bankainnistæðum | 1.169.669 | 456.765 |
| Aðrar fjárfestingar | 6.275 | 46.469 |
| | 29.661.519 | 38.572.711 |
| **(Lækkun) hækkun á sjóði og veltiinnlánum** | (2.216.436) | 29.635.747 |
| Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun | 35.593.401 | 5.957.654 |
| **Sjóður og veltiinnlán í lok tímabils** | 33.376.966 | 35.593.401 |

## Reikningsskilaaðferðir

1. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Árshlutareikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru birtar í þús. kr.

**Fasteignir og rekstrarfjármunir**

2. Fasteignir og aðrir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði hlutfallslega m.v. notkunartíma á tímabilinu. Fasteignir eru afskrifaðar um 2-4% og aðrir rekstrarfjármunir um 5-20% á ári.

**Fjárfestingar**

3. Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

Verðbréf með breytilegum tekjum skiptast í innlend og erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini. Erlend verðbréf sjóðsins sem skráð eru á skipulegum verðbréfamörkuðum eru eignfærð á markaðsverði miðað við síðasta skráða gengi þeirra á tímabilinu. Verðbréfin eru umreiknuð í íslenskar krónur á skráðu kaupgengi 30.09.2009. Innlend hlutabréf sjóðsins sem skráð eru í Kauphöll Íslands eru eignfærð á markaðsverði 30.09.2009 eða matsverði ef það er lægra, en óskráð hlutabréf á kostnaðarverði eða áætluðu gangvirði ef það er lægra. Eignir í áhættufjármagnssjóðum eru færðar á gangverði.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar með áföllnum verðbótum og vöxtum m.v. vaxtakjör verðbréfanna að teknu tilliti til ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Afföllin eða gengisaukinn sem myndast við kaup verðbréfanna eru færð í árshlutareikninginn á afborgunartíma þeirra miðað við virka vexti. Höfuðstólstryggð skuldabréf sem taka mið af hækkun erlendra hlutabréfavísitalna eru færð á hæsta tryggða vísitölugildi.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hafa sérstakar áhættur verið metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla.

Sjóður og veltiinnlán eru færð undir liðnum aðrar eignir í efnahagsreikningi. Um er að ræða þær innistæður í fjármálastofnunum sem ekki eru háðar takmörkunum á notkun og sem bundnar eru til þriggja mánaða eða skemmri tíma. Bankainnistæður sem bundnar eru lengur en 3 mánuði eru færðar undir liðnum fjárfestingar í efnahagsreikningi.

**Séreignardeild**

4. Verðbréfaleiðin er ávöxtuð samhliða sameignardeild sjóðsins. Í skýringu nr. 10 er sett fram sundurliðun um breytingu á hreinni eign verðbréfaleiðar. Innlánsleiðin er ávöxtun í innlánum viðskiptabanka og sparisjóða með áherslu á verðtryggð innlán.

**Áætluð óinnheimt iðgjöld**

5. Áætluð óinnheimt iðgjöld í lok tímabils nema 2.191 milljónum kr. og eru þau færð í efnahagsreikningi undir liðnum kröfur á launagreiðendur. Mat þeirra byggist á reynslu liðinna ára og stuðst er við gögn sem fyrir liggja um skil eftir lok tímabilsins.

# Skýringar (frh.)

## Lífeyrir

6. Sundurliðun lífeyrisgreiðslna:

| | 2009<br>1.1.-30.09. | 2008<br>1.1.-31.12. |
|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 2.761.762 | 3.019.289 |
| Örorkulífeyrir | 1.140.354 | 1.288.892 |
| Makalífeyrir | 369.531 | 429.723 |
| Barnalífeyrir | 81.583 | 97.920 |
| Samtals | 4.353.230 | 4.835.824 |
| | | |
| Lífeyrisgreiðslur úr verðbréfaleið séreignardeildar | 751.422 | 180.321 |
| Lífeyrisgreiðslur úr innlánsleið séreignardeildar | 16.799 | |
| Samtals | 768.221 | 180.321 |
| | | |
| Samtals | 5.121.452 | 5.016.144 |

## Fjárfestingartekjur

7. Tekjur af eignarhlutum:

| | | |
|---|---|---|
| Innlend hlutabréf | (638.034) | (46.397.179) |
| Erlend hlutabréf | 5.193.371 | 2.877.923 |
| Samtals | 4.555.337 | (43.519.256) |

8. Vaxtatekjur og gengismunur:

| | | |
|---|---|---|
| Sjóðfélagalán | 3.714.643 | 7.109.401 |
| Verðtryggð innlend skuldabréf | 11.032.579 | 19.433.016 |
| Erlend hlutdeildarskírteini | 8.845.401 | 13.631.589 |
| Bankainnstæður ofl. | 2.566.871 | 4.211.462 |
| Gjaldmiðlavarnarsamningar | (1.815.619) | (23.170.414) |
| Dráttarvextir | 133.883 | 131.768 |
| Lántökugjöld | 17.678 | 57.758 |
| Samtals | 24.495.436 | 21.404.580 |

## Aðrar tekjur

9. Aðrar tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| Innheimtuþóknanir vegna þjónustu við samtök ofl. | 50.267 | 69.485 |

# Skýringar (frh.)

## Séreignardeild

10. Verðbréfaleið séreignardeildar er ávöxtuð samhliða öðrum eignum sjóðsins. Innlánsleið séreignardeildar er ávöxtuð í innlánum viðskiptabanka og sparsjóða með áherslu á verðtryggð innlán.

**Breyting á hreinni eign verðbréfaleiðar**

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| | 1.1.-30.09. | 1.1.-31.12. |
| Séreignariðgjald launþega | 149.593 | 258.538 |
| Framlag launagreiðenda | 211.614 | 366.810 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | (295.468) | |
| Iðgjöld samtals | 65.740 | 625.348 |
| Lífeyrisgreiðslur | (751.422) | (180.321) |
| Fjárfestingartekjur | 329.385 | (811.518) |
| Rekstrarkostnaður | (2.593) | (4.032) |
| (Lækkun) séreignardeildar | (358.890) | (370.522) |

**Hrein eign til greiðslu lífeyris**

| | | |
|---|---|---|
| Inneignir 1.1. | 6.089.425 | 6.459.948 |
| (Lækkun) inneigna á tímabilinu | (358.890) | (370.522) |
| Inneignir í lok tímabils | 5.730.536 | 6.089.425 |
| Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga | 2.156 | 2.700 |
| Sjóðfélagar með inneignir í lok tímabilsins | 40.799 | 40.670 |

Hrein ávöxtun verðbréfaleiðar frá 1. janúar til 30. september 2009 nam 5,7% sem svarar til neikvæðrar 0,1% raunávöxtunar á ársgrundvelli.

Innlánsleiðin var stofnuð á árinu 2009 og námu inneignir þann 30. september 2009 samtals 196 milljónum króna. Fjöldi sjóðfélaga með inneignir voru 84.

## Verðbréf með föstum tekjum og veðlán

11. Innlend skuldabréf í lok tímabilsins greinast þannig:

| | 2009<br>30.09. | 2008<br>31.12. |
|---|---|---|
| Veðskuldabréf sjóðfélaga | 41.164.922 | 39.362.628 |
| Íbúðalánasjóður | 1.082.787 | 1.113.230 |
| Húsnæðisbréf | 988.812 | 1.048.842 |
| Húsbréf | 5.691.229 | 5.647.360 |
| Íbúðabréf | 61.841.454 | 46.403.176 |
| Önnur skuldabréf með ríkisábyrgð | 3.011.277 | 2.737.779 |
| Bankar og sparisjóðir | 10.090.969 | 16.857.833 |
| Fjárfestingalánasjóðir atvinnuveganna | 5.509.873 | 3.767.331 |
| Fyrirtæki | 11.488.696 | 14.808.450 |
| Sveitarfélög | 2.339.830 | 1.553.840 |
| Eignarleigur | | 7.370 |
| Önnur veðskuldabréf | 2.198.640 | 2.140.641 |
| Samtals | 145.408.488 | 135.448.480 |

**Sundurliðun skuldabréfa eftir verðtryggingarviðmiðun**

| | | |
|---|---|---|
| Verðtryggt, vísitala neysluverðs | 142.717.967 | 133.710.028 |
| Verðtryggt, byggingarvísitala | 209.712 | 238.228 |
| Tengt erlendum hlutabréfavísitölum | 1.500.000 | 1.500.000 |
| Gengistryggt | 970.084 | |
| Óverðtryggt | 10.725 | 224 |
| Samtals | 145.408.488 | 135.448.480 |

**Sundurliðun veðlána**

| | | |
|---|---|---|
| Sjóðfélagar | 41.586.924 | 39.448.931 |
| Veðlán vegna stofnlánasjóða | 694.118 | 641.398 |
| Önnur veðskuldabréf | 2.198.640 | 2.140.641 |
| Niðurfærsla veðlána | (422.002) | (86.303) |
| Samtals | 44.057.680 | 42.144.667 |

**Niðurfærsla skuldabréfa**

| | | |
|---|---|---|
| Niðurfærsla 1.1. | 9.943.429 | 69.000 |
| Afskrifuð töpuð lán á tímabilinu | (3.027.372) | (3.218) |
| Breyting á niðurfærslu | 15.480.422 | 9.877.647 |
| Niðurfærsla í lok tímabils | 22.396.479 | 9.943.429 |

Verðbréf með föstum tekjum eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu í kjölfar hruns fjármálakerfisins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hafa sérstakar áhættur verið metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla. Gjaldfærð niðurfærsla skiptist þannig að 422 mkr. eru vegna veðskuldabréfa, 12.325 mkr. vegna skuldabréfa banka og sparisjóða og 9.649 mkr. vegna skuldabréfa fyrirtækja. Niðurfærslan hefur verið dregin frá í fjárhæðum einstakra skuldabréfaflokka í skiptingu skuldabréfaeignarinnar.

Fjárhæðir í þús. kr.

## Verðbréf með föstum tekjum og veðlán (frh.)

Mikil óvissa er um endurgreiðslu skuldabréfa fyrirtækja, banka og sparisjóða. Sú óvissa endurspeglast í mati þeirra í efnahagsreikningi. Verði endanleg niðurstaða um mat þeirra frábrugðin mati sjóðsins getur það leitt til breytinga á hreinni eign og haft áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

## Verðbréf með breytilegum tekjum

12. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig í lok tímabilsins:

| | Bókfært verð |
|---|---|
| Innlend hlutabréf | 3.114.410 |
| Erlend verðbréf | 100.846.185 |
| Samtals | 103.960.595 |

Sjóðurinn á hlutabréf í eftirtöldum félögum skráðum í Kauphöll Íslands í lok tímabilsins:

| **Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands** | Eignar-hluti % | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Bakkavör Group h.f. | 7,2 | 272.976 |
| Century Aluminium Company | 0,0 | 203.700 |
| Marel h.f. | 3,4 | 1.314.274 |
| Nýherji h.f. | 3,3 | 94.500 |
| Össur h.f. | 2,0 | 1.007.871 |
| Samtals | | 2.893.322 |
| **Óskráð hlutabréf** | | |
| Eignarh.fél. líf.sj. um Verðbréfaþing og önnur félög | 12,9 | 1.556 |
| Eimskipafélag Íslands h.f. | 0,6 | 133.615 |
| Stoðir h.f. | 0,7 | 85.917 |
| Samtals | | 221.088 |
| Hlutabréf alls | | 3.114.410 |

Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands eru færð á markaðsverði 30. september 2009 eða matsverði ef það er lægra. Óskráð hlutabréf eru færð á kostnaðarverði eða áætluðu gangvirði ef það er lægra.

## Verðbréf með breytilegum tekjum (frh)

Skipting erlendra verðbréfa eftir fjárvörsluaðilum í lok tímabilsins:

### Hlutdeildarskírteini í hlutabréfasjóðum

| | |
|---|---|
| JP Morgan Flemming | 13.045.528 |
| Vanguard Group | 12.177.060 |
| AllianceBernstein Capital Management | 11.969.621 |
| Asian Portfolio | 7.219.712 |
| Morgan Stanley | 6.512.432 |
| Schroder Investment Management | 5.354.430 |
| State Street | 4.617.054 |
| Franklin Templeton | 3.773.655 |
| Black Rock ML | 3.535.886 |
| SVG | 1.858.845 |
| Aðrir hlutabréfasjóðir | 7.167.657 |
| Samtals | 77.231.880 |

### Hlutdeildarskírteini í skuldabréfasjóðum

| | |
|---|---|
| PIMCO | 1.032.389 |

### Erlend hlutabréf

| | |
|---|---|
| Schroder Investment Management | 21.070.301 |
| Önnur erlend hlutabréf | 1.511.615 |
| Samtals | 22.581.916 |

| | |
|---|---|
| Erlend verðbréfaeign alls | 100.846.185 |

### Skipting erlendra verðbréfa eftir viðmiðun um ávöxtun

| | |
|---|---|
| Hlutdeildarskírteini, heimsvísitölusöfn MSCI * | 71.985.314 |
| Asian Portfolio | 7.219.712 |
| Framtakssjóðir (Private Equity) | 19.097.155 |
| Önnur hlutabréfasöfn | 1.511.615 |
| Hlutdeildarskírteini í skuldabréfasjóðum | 1.032.389 |
| Samtals | 100.846.185 |

*MSCI stendur fyrir heimsvísitölu Morgan Stanley, en hún er helsti mælikvarði á breytingu hlutabréfaverðs í heiminum.

## Húseignir, rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir

13. Húseignir, rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir greinast þannig:

| | Eignarhluti í Húsi verslunarinnar 21,25% | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2009 | 412.910 | 329.263 | 742.173 |
| Breyting á árinu | | 6.427 | 6.427 |
| Heildarverð 30.09.2009 | 412.910 | 335.689 | 748.599 |
| Afskrifað áður | 145.267 | 255.946 | 401.213 |
| Afskrifað á árinu | 9.810 | 13.113 | 22.923 |
| Afskrifað samtals | 155.077 | 269.059 | 424.136 |
| Bókfært verð 30.09.2009 | 257.833 | 66.631 | 324.463 |

| | Fasteignamat | Brunabótamat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Mat á eignarhluta í Húsi verslunarinnar | 490.050 | 679.425 | 257.833 |

Vátryggingarverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna í lok tímabilsins nam kr. 650.489.891.

| | | |
|---|---|---|
| Afskriftarhlutföll | 2-4% | 5-20% |

## Skuldir við lánastofnanir vegna framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga

14. Sjóðurinn hefur á undanförnum árum verið í viðskiptum við innlenda banka vegna gjaldmiðlavarnarsamninga, í þeim tilgangi að draga úr áhættu vegna misvægis á gjaldmiðlasamsetningu erlendrar verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengisvísitölu íslensku krónunnar og til að draga úr gjaldeyrisáhættu sjóðsins. Gerðir voru framvirkir gjaldmiðlavarnarsamningar að fjárhæð 93.175 mkr. en það samsvarar verðmæti gengistryggðra eigna sjóðsins sem námu á þeim tíma 93.415 mkr.

Í tengslum við fall viðskiptabankanna í október 2008 telur sjóðurinn að forsendur þessara samninga hafi brostið og byggir þar m.a. á ytri og innri sérfræðiálitum. Sjóðurinn hefur lagt fram tilboð til skilanefnda bankanna um uppgjör samninganna byggt á forsendum fyrrgreindra sérfræðiálita og er metin nettóskuld sjóðsins 30.09.2009, 17.490 mkr. og er sú fjárhæð færð í efnahagsreikninginn. Sjóðurinn telur að framangreint mat á áhrifum samninganna sé byggt á bestu vitneskju, miðað við stöðu við gerð árshlutareikningsins en bendir á óvissu um endanlega niðurstöðu um uppgjör samninganna. Verði niðurstaðan frábrugðin mati sjóðsins getur það leitt til breytinga á hreinni eign og haft áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Við gerð árshlutareikningsins hefur sjóðurinn gert ráð fyrir að geta skuldajafnað skuldabréfum og öðrum kröfum gagnvart þeim viðskiptabönkum sem kröfur eiga á sjóðinn vegna skuldastöðu framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga.

**Kennitölur**

| | 2009<br>1.1.-30.09. | 2008<br>1.1.-31.12. | 2007<br>1.1.-31.12. | 2006<br>1.1.-31.12. | 2005<br>1.1.-31.12. |
|---|---|---|---|---|---|
| Hrein nafnávöxtun * | 7,1% | -11,8% | 7,0% | 20,5% | 20,9% |
| Raunávöxtun * | -0,6% | -24,1% | 1,1% | 12,7% | 16,1% |
| Hrein raunávöxtun * | -0,7% | -24,2% | 1,1% | 12,7% | 16,1% |
| Rekstrarkostnaður að frádr. öðrum tekjum | | | | | |
| Kostnaður í % af iðgjöldum | 1,11% | 0,92% | 0,88% | 1,00% | 1,02% |
| Kostnaður í % af eignum | 0,05% | 0,06% | 0,05% | 0,06% | 0,06% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 32.153 | 33.120 | 32.971 | 31.682 | 30.446 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 8.967 | 8.386 | 7.929 | 7.573 | 7.250 |
| Lífeyrir í % af iðgjöldum ** | 37,3% | 29,4% | 27,1% | 28,1% | 28,1% |
| Stöðugildi á tímabilinu | 29,1 | 28,6 | 27,5 | 27,1 | 27,5 |
| Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt *** | | | | | |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | | -7,2% | 4,7% | 7,9% | 6,1% |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | | -9,8% | 21,8% | 31,8% | 27,4% |
| Skipting fjárfestinga | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | 37,0% | 35,1% | 51,5% | 56,7% | 50,8% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | 39,1% | 39,3% | 30,8% | 24,8% | 31,9% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | 4,5% | 5,0% | 2,7% | 2,0% | 1,6% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | 1,4% | 1,8% | 1,6% | 3,2% | 1,2% |
| Veðlán | 17,6% | 18,6% | 13,4% | 13,3% | 14,5% |
| Annað | 0,4% | 0,2% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 59,7% | 61,5% | 67,6% | 65,2% | 70,0% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 40,3% | 38,5% | 32,4% | 34,8% | 30,0% |
| Skipting lífeyris | | | | | |
| Ellilífeyrir | 63,4% | 62,4% | 61,3% | 60,5% | 59,7% |
| Örorkulífeyrir | 26,2% | 26,7% | 27,3% | 27,4% | 27,6% |
| Makalífeyrir | 8,5% | 8,9% | 9,2% | 9,7% | 10,1% |
| Barnalífeyrir | 1,9% | 2,0% | 2,2% | 2,4% | 2,6% |
| Séreignardeild - verðbréfaleið: | | | | | |
| Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga | 2.156 | 2.700 | 2.843 | 3.025 | 4.163 |
| Sjóðfélagar með inneignir í árslok | 40.799 | 40.670 | 40.229 | 39.842 | 38.761 |
| Hrein nafnávöxtun verðbréfaleiðar * | 7,6% | -11,8% | 7,0% | 20,5% | 20,9% |
| Hrein raunávöxtun verðbréfaleiðar * | -0,1% | -24,2% | 1,1% | 12,7% | 16,1% |

* Ávöxtun er reiknuð skv. reglum FME (ekki daglegt gengi eigna). Ávöxtun 2009 er reiknuð á ársgrundvelli.

** Framlag ríkisins frá og með 2007 til jöfnunar á örorkubyrði er tekið með í útreikningi.

*** Tryggingafræðileg úttekt er gerð árlega og miðast við lok hvers árs.